



# Stjórn Reykjaneshafnar

## Fundargerð

243. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 13. ágúst 2020 kl. 17:00 í bíosal DUUS Safnahúsa að Duusgötu 2-8, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Kornráðsdóttir aðalmaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

**1. Fjármál Reykjaneshafnar. (2020010192)**

Hafnarstjóri fór yfir ýmis mál er snerta fjármál Reykjaneshafnar.

**2. Fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2021. (2020080143)**

Hafnarstjóri kynnti stöðu í vinnslu fjárhagsáætlunar Reykjaneshafnar fyrir árið 2021.

**3. Hafnasamband Íslands. (2020021399)**

Bréf Hafnasambands Íslands dags. 03.07.2020 en í bréfinu er boðað til 42. þings sambandsins dagana 24. og 25. september n.k. þar sem Reykjaneshöfn hefur rétt á fimm atkvæðabærum þingfulltrúum. Meðfylgjandi bréfinu er dagskrá þingsins. *Lagt er til að fulltrúar Reykjaneshafnar sæki fundinn. Samþykkt samhljóða.*

**4. Hafnarmannvirki Reykjaneshafnar. (2020030194)**

Hafnarstjóri fór yfir drög að viljayfirlýsingu vegna fyrirhugaðra uppbyggingu skipaþjónustuklasa við Njarðvíkurhöfn. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar lýsir yfir ánægju sinni með þá uppbyggingu sem stefnd er að við Njarðvíkurhöfn og fram kemur í þessari viljayfirlýsingu. Uppbygging skipaþjónustuklasa mun efla starfsemi Reykjaneshafnar og auka þjónustuframboð í hafnsækinni starfsemi á svæðinu með tilheyrandi umsvifum og atvinnu. Stjórn Reykjaneshafnar felur hafnarstjóra að undirrita viljayfirlýsinguna fyrir hönd Reykjaneshafnar. Samþykkt samhljóða.*

**5. Landslög. (2020050255)**

Bréf frá lögmannsstofunni Landslögum dags. 21.07.2020 er varðar annars vegar Fitjabraut 5 og 7 og hins vegar Berghólabraut 9 með ósk um viðræður þeim tengdum. Á fundinn undir þessum lið mættur Unnar S Bjarndal sviðsstjóri stjórnsýslusviðs RNB og Gunnar K Ottósson skipulagsfulltrúi RNB. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar felur hafnarstjóra og sviðsstjóra stjórnsýslusviðs RNB að ræða við viðkomandi í samræmi við framkomna ósk um slíkar viðræður og leggja niðurstöður þeirra viðræðna fyrir stjórnina til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða.*

**6. Carbfix. (2020060198) 2020070219**

Bréf frá Carbfix dags. 16.07.2020 þar sem óskað er eftir aðstöðu til jarðfræðirannsóknar og kolefnisförgunartilrauna í nágrenni við Helgúvíkurhöfn. Á fundinn mættu fulltrúar Carbfix og kynntu viðkomandi verkefni. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar telur framkomið verkefni mjög áhugavert en í því felst þróun kolefnisförgunaraðferðar sem getur orðið áhrifaríkt verkfæri í baráttunni gegn loftlagsbreytingum í framtíðinni. Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir að*

heimila framkvæmd verkefnisins á hafnarsvæði Helguvíkurhafnar í samræmi við efni bréfsins á rannsóknartíma þess til ársins 2024 svo lengi sem framkvæmdin hafi ekki neikvæð áhrif á uppbyggingu Helguvíkurhafnar. Hafnarstjóri Reykjaneshafnar hefur eftirlit með framkvæmdinni fyrir hönd Reykjaneshafnar og skal framkvæmdin unnin í nánu samráði við hann. **Samþykkt samhljóða.**

**7. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2020010519)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

---

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00**

Stjórn M.H.  
Kristján Þórunn  
Sanna Björg Þorvald  
Waldemar  
Björk Þorvald